

Landvarðafélag Íslands
P.O.Box 969
121 Reykjavík

Reykjavík, 8. ágúst 2019
UST201908-017/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Gullfoss - kynningarmyndbönd um landverði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Landvarðafélag Íslands, dagsett 7 ágúst, um kvikmyndatöku fyrir kynningarefni landvarðafélagsins við Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróðu, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða kvikmyndatöku fyrir kynningarátak Landvarðafélagsins sem fer í dreifingu á öllum helstu samfélagsmiðlum. Verkefnið fer fram helgina 10.-11. ágúst 2019. Þrjár manneskjur á einum bíl koma að verkefninu með einn dróna. Fljúga á drónanum til að ná mynd af fossinum og einnig landverði í umhverfinu. Ekki er gert ráð fyrir að neitt rask verði af verkefninu og ef svo til kemur munu tveir landverðir í hópnum grípa til aðgerða. Ekki er gert ráð fyrir að fara þurfi út fyrir gögnustíga.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru á svæðinu. Truflun á dýralífi ætti að vera minniháttar. Líklegt er að gestir svæðisins verði fyrir einhverjum truflunum en ekki miklum. Mikilvægt er að sýna gestum svæðisins tillitsemi til að takmarka neikvæð áhrif myndatökunar og takmarka flugtíma drónans.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindu verkefni við Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan þann 8. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari skal klæðist merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð tökusvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef myndefnið sem er tekið með dróna og ætlað er til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður. Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins, upplifun gesta og öryggi jafnframt sem gætt skal að persónuvernd
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúru og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.


Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri